

SKÓLABLADIÐ SKUGGINN

1. tölublað

Fyrsti koss Þóru
„Algjör dásemd
og dýrð“

Nemendaspjall

Hvaða kennari ert þú?

Taktu prófið!

Syölustu skór skólans

KÍKIÐ Á INSTAGRAMSÍÐU OKKAR: @SKOLABLADID_SKUGGINN

Dómstóll stólanna

Hvaða stólar eru bestir í Brekkuskóla?



Bláu plaststólar í yngstu bekkjum

Þessir stólar eru með lægstu einkunnina af öllum og það er ekki af ástæðulausu. Það er eiginlega ekkert jákvætt sem hægt er að segja um þessa stóla. Þeir eru mjög harðir og þeir styðja illa við bakið. Okkur finnst það næstum því glæpsamlegt að bjóða börn velkomin í skólann með því að láta þau sitja á svona lélegum stólum hálfan daginn.

Mýkt 3/10- Stuðningur við bak 5/10- Hreyfanleiki 1/10-

Útlit 3/10- Hávaði 7/10

Heildar einkunn 19/50 **38%**

Viðarstólar í miðstigs bekkjum

Stólarnir skána lítið í miðstigs stofunum. Þeir eru líka harðir en þó aðeins skárri en bláu plaststólarnir. Þeir hafa hins vegar verri stuðning við bakið svo að það jafnast nokkurn veginn út. Það eina sem er virkilega gott við þá er plaststykkið sem þú getur hvílt fæturnar á.

Mýkt 3,5/10- Stuðningur við bak 4,5/10- Hreyfanleiki 1/10-

Útlit 4,5/10 - Hávaði 7/10

Heildar einkunn 20,5/50 **41%**



Matsalsstólar

Á þessum stólum er stuðningurinn við bakið mikill. Þeir eru hvorki betri eða verri en aðrir stólar á listanum þegar kemur að mýkt en maður situr svo stutt í þeim að maður finnur lítið fyrir því. Þeir líta ekki vel út en það kemur ekki að sök. Það versta við þessa stóla er hávaðinn sem kemur þegar þeir dragast eftir gólfinu.

Mýkt 4,5/10- Stuðningur við bak 7/10 - Hreyfanleiki

2,5/10- Útlit 3,5/10- Hávaði 4/10

Heildar einkunn 21,5/50 **43%**





Nýju plastsólarnir á elsta stigi

Svipaðir hinum stólunum í elstu bekkjunum en þó er smá munur. Þeir eru bæði harðari og stífari, en það versta við þá er að þú getur ekki hallað þeim. Það eina sem er betra við þessa eru hjólin, þau eru fullkomin. Þetta eru reyndar nýjustu stólarnir í skólanum og við erum ennþá að venjast þeim.

Mýkt 6/10 - Stuðningur við bak 7/10-
Hreyfanleiki 10/10 - Útlit 4/10 - Hávaði 8/10
Heildar einkunn 35/50 **70%**

Bókasafnsstólar

Það er hálfgerð synd að þessir stólar skuli ekki vera á fleiri stöðum í skólanum vegna þess að þeir eru nokkuð góðir. Mýktin og stuðningurinn við bakið eru í fínu standi og setan er í fullkominni stærð. En ekki er allt gott við þessa stóla, þannig er mál með vexti að þegar þú dregur þá eftir gólfinu þá kemur alveg hræðilegur hávaði sem sker í eyrun.

Mýkt 7/10- Stuðningur við bak 8,5/10-
Hreyfanleiki 1/10- Útlit 5,5/10- Hávaði 1/10
Heildar einkunn 23/50 **46%**



Plaststólar í elstu bekkjum

Ef það er eitthvað sem við getum öll verið sammála um þá er það að þetta eru bestu stólarnir, það er staðreynd. Þeir fá góða einkun í öllum þáttum, það er þægilegt að halla sér í þeim og þeir eru bara heilt yfir frábærir. Þeir eru eins og einfaldari og betri gerð af nýju stólunum, aðeins verri hjól en það skiptir litlu máli.

Mýkt 8/10- Stuðningur við bak 8,5/10 -
Hreyfanleiki 8/10- Útlit 5,5/10- Hávaði 8/10
Heildar einkunn 38/50 **76%**

Viðtal við Brekku-bræður



Ljósmynd: Kjartan Valur

Tónlsítarnöfn strákanna frá hægri til vinstri: Tommi/Trommi, Siggí/Shagus, Biggí/Bigbass, Egill/Pagli og Emil/Emol.

Brekku-bræður eru hljómsveit í Brekkuskóla sem kom fyrst fram árið 2021 í hæfileikakeppni Akureyrar og hefur verið ansi vinsæl hér í skólanum síðan. Kjartan Valur blaðamaður Skuggans kíkti til þeirra og spurði þá nokkurra spurninga.

Hvenær stofnuðu þið hljómsveitina?

„Við stofnuðum hljómsveitina í apríl 2021.“

Hver fékk hugmyndina af því að stofna hljómsveit og hvernig kviknaði hún?

„Það voru Biggí og Egill sem fengu hugmyndina bara upp úr þurru.“

Á hvaða hljóðfæri spilið þið?

„Tommi á trommum, Siggí á hljómborði, Biggí á bassa Egill er söngvari og Emil er á gítar.“

Eruð þið búnir að semja einhver lög, ef svo er, hversu mörg?

„Já við erum búnir að semja tvö lög, þau heita Brekkubræður og Allir í Eyjum.“

Eruð þið mikið að gigga?

„Já, við vorum að spila á litlu jólunum og árshátíðinni í skólanum, svo vorum við líka í fermingarveislu.“



Hvað er það skemmtilegasta við að Eigið þið eitthvað sameiginlegt vera í hljómsveit?

„Stemmingin, að gigga og frí maturinn.“

uppáhalds lag til að spila?

„Upp í sveit.“

Eruð þið með einhver langtímamarkmið fyrir hljómsveitina?

„Já, ætlum að vinna hæfileikakeppni Akureyrar.“

Eruð þið með einhverja sérstaka tónlistarstefnu?

„Ef það þyrfti að flokka okkur undir eitthvað þá erum við sennilega svona róleg rokkhljómsveit. Samt aðallega svona stuðlög.“

Hrós before brós -KVB

Hrós eru frábær. Langoftast hafa hrós jákvæð áhrif á umhverfið og þann sem fær hrósið. Þess vegna finnst mér að allir ættu að vera duglegri við að hrósa öðrum. Íslenskt samfélag þarf á meiri hrósum að halda. Hér fyrir neðan er listi yfir nokkur gjörsamlega skotheld og mjög uppbyggjandi hrós sem hægt er að nota við hvaða tilefni sem er.

1. Eyru

Margir eru óruggir með eyrun sín, finnast þau annaðhvort vera of lítil eða of stór, of útstæð eða bara eitthvað furðuleg yfirhöfuð. Það skrítna er að enginn þælir í eyrum annarra en fólk heldur samt að það geri það. Þetta þýðir að engum er hrósað fyrir eyrun sín þannig að fólk sem finnst það vera með ljót eyru mun sennilega alltaf finnast það. En þessu er hægt að breyta bara með því að kalla „Flott eyru!“. Þetta gæti bjargað deginum eða jafnvel vikunni fyrir þessa tilteknu persónu.

2. Hnakki

Engin manneskja með fullt vit í kollinum hefur nokkra hugmynd um hvernig þeirra eigin hnakki lítur út. Enda er hnakkinn stundum á bak við hár og svo er hann auðvitað líka á þeim óheppilega stað að maður þarf spegil til að sjá hann. Með því að láta einhvern vita hversu fallegan hnakka hann hefur getur komið honum verulega á óvart á mjög svo jákvæðan hátt. Það er líka hægt að hrósa ömmu þinni með þessu sama hrósi þegar hún eldar handa þér dýrindis grísahnakka.



3. Þumall

Að mínu mati er þumallinn mikilvægasti puttinn. Þumlar eiga skilið meiri ást og hlýju en þeir fá í raun. Hugsaðu þér bara líf án þumla, við gætum meðal annars ekki haldið á hlutum, ekki notað símann og ekki einu sinni gefið „thumbs up” með sömu þægindum og við erum vön. Við ættum ekki að hrósa fólki fyrir útlitið á þumlum þeirra heldur fyrir eiginleika þeirra, það væri hreinlega móðgandi fyrir þumla að fá bara hrós fyrir útlitið þegar að þeir gjörbreyta til hins betra okkar daglega lífi.

4. Hnéskel

Hnéskeljar eru bráðnauðsynlegar en því miður frekar ljótar, líta þínu út eins og það sé haus af barni að reyna að koma út úr fætinum þínum. Samfélagið hefur ákveðið að það sé ekkert flott við hnéskeljar en því er hægt að breyta. Breytingar koma hins vegar ekki að sjálfu sér. Við sem samfélag þurfum að taka sameiginlega ákvörðun um að byrja að hrósa hnéskeljum meira. Ef þetta tekst getur það haft mikil og góð áhrif á samfélagið okkar.

5. Nafli

Að hrósa fyrir nafllann er gjörsamlega skothelt. Þetta er svona hrós sem gleður ekki manneskjuna sem fær það heldur gjörbreytir lífi hennar. Þetta getur bara aldrei klikkað. Ég mæli með að hrósa einhverjum fyrir nafllann við næsta tilefni. Manneskjan mun sennilega líta á þig með furðusvip, en engar áhyggjur, hún er bara að hugsa hvernig í fjandanum þú gast komið upp með svona innihaldsríkt og vandlega hugsað hrós á staðnum. En maður verður að passa sig að nota þetta kraftmikla hrós örsjaldan vegna þess að annars missir það gildi sitt.



Skugginn er á Instagram:

@skugginn_skolabladid




Gettu hver?

Á þessari síðu eru barnamyndir af starfsfólki skólans.
Getur þú giskað hver er á myndinni?

1.



2.



3.



4.



Að spá í Rocky horror

-ÁK



19. Júní 1973, var sett upp fyrsta sýningin af „*Rocky horror show*” söngleiknum. Eftir nokkur ár af því að flakka á milli leikhúsa og leikara þá var loks gerð bíómynd þann 15. ágúst 1975. Myndin byrjar á að Brad (Barry bostwick) og konan hans Janet (Susan Sarandon) fara í ferð og bíllinn þeirra bilar svo þau stoppa og biðja um hjálp hjá einhverjum furðulegum vísindamanni, Frank-N-Furter (Tim curry). En ekki áður en þjónar Franks, Riff-Raff (Richard o'brien), Columbia (Nell Campbell) og Magenta (Patricia Quinn) syngja lagið “Time warp”. Þetta er nú bara byrjunin af myndinni en við erum ekki hér til að tala um myndina við erum hér til að spá í áhrif myndarinnar. Það er kannski ekkert klikkað að heyra að þegar Rocky horror kom fyrst út var ekki tekið vel á móti henni, eiginlega öfugt við það. Myndin var eins og ameríkanar segja: „á undan sinni samtíð” þegar þessi „campy” hinsegin söngleikur kom út héldu margir að hann væri alveg hræðilegur líklegast því þau bara skildu hann ekki, það er samt magnað að slík mynd hafi verið gerð árið 1975!

En „Rocky horror” var auðvitað ekki bara bíómynd (þó að myndin sé mikilvæg), þetta var auðvitað söngleikur áður og er enn sýndur í dag. Það er oft gert svokallað “Shadowcast” af myndinni, sem er flutningur kvikmyndarinnar af hópi áhugamanna á sama tíma og hún er sýnd. Þegar það er sýnt “shadowcast” þá er ákveðið handrit sem áhorfendur fylgja. til dæmis, það er öskrað „skíthæll” á Brad í hvert skipti sem hann kemur á skjáinn, eða þegar kastað er hrísgrjónum og skotið úr vatnsbyssum þegar það er að rigna í leikritinu. Það eru svona sýningar sem gefa hinsegin fólki pláss, til þess að öskra, syngja og dansa. Þær gefa hinsegin fólki aukin styrk. Rocky horror er þannig mynd sem heldur áfram að vera frábær. Hún heldur áfram að láta mann hugsa og spá: „hinsegin fólk var líka til í þá daga og það var í búningum að syngja og dansa.” Hinsegin fólk hefur alltaf verið til staðar. Það hefur líka alltaf verið erfitt fyrir þau, erfitt núna eru að það sé gelt á mann, erfitt þá var það að maður var drepinn. Þetta allt saman er langdregin leið til þess að segja að ég er stolt af hinsegin fólki og hversu langt við höfum komist. Enn samt langt í land. Með því skil ég ykkur eftir með hin ódauðlega orð vinar okkar, Frank N. Furter; **“Don't Dream it, Be it”**



Viðtal við Júlla kokk

-KVB

Júlli, eða Júlíus Jónsson, er kokkur í Brekkuskóla. Hann eldar dásendar mat og er alltaf í flottum fötum. Því miður gefast fá tækifæri fyrir okkur nemendurnar til þess að kynnast Júlla betur en ekki örvænta, því hér er viðtal við hann.

Hversu lengi ertu búinn að vinna í Brekkuskóla?

„Ég er búin að vinnu hérna síðan 2004.“

Hvar vannstu áður en þú komst hingað?

„Ég vann í Kjarnafæði.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að elda hér í skólanum?

„Mér finnst bara allt jafn skemmtilegt.“

Ef þú ættir að gefa matnum hérna einkunn frá einum upp í tíu hvað myndirðu gefa honum?

„8 af 10, alltaf hægt að gera betur.“

Hver býr til matseðilinn?

„Ég bý hann til í samræmi við reglur Akureyrarbæjar.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að elda heima hjá þér?

„Hreindýrasteik með soðnum perum, rífsberjasultu og steiktu brokkolí með beikoni. Það er líka í uppáhaldi hjá mér.“



Ertu kallaður Júlli heima hjá þér?

„Ég er kallaður Júlíus og líka stundum Lúlli heima hjá mér.“

Hefur þú alltaf haft áhuga á mat?

„Já ég held það, mamma segir það allavega.“



5 Dans moves

sem þú þarft fyrir árshátíðarballið



Það getur verið framandi að mæta á ball og hvað þá að fara út á dansgólfið. Hér er listi yfir nokkur skotheld moves sem gott er að hafa á hreinu áður en haldið er á árshátíðarballið.

1. Fara í kaf/ scuba-diver í stuði.

Þetta er move sem klikkar ekki. Höndin fer yfir höfuðið og henni er sveiflað í skakka línu sem minnir á kafsund. Næst er tekið fyrir nefið á sér og beygt hnéin, tekin lítæ hnébegja með hverri handasveiflu. Ef þetta er gert vel er nánast tryggt að allir á ballinu munu detta niður á gólf og tilbiðja þig.

2. Inn á röngunni út á röngunni.

Þessi hreyfing er innbyggð hjá flestum Íslendingum frá leikskólaárunum og vitum að hún fellur aldrei úr gildi. Hendur fara yfir höfuðið og olbogarnir 90° í hvora átt. Byrjað er uppi að „rugla“ saman höndunum svo er farið niður og líkaminn beygður aðeins fram. Svo er leikurinn endurtekinn þar. Í alvöru, ekki taka þessum leiðbeiningum of alvarlega það skiptir bara máli að vera með stórt bros á vör og að hafa gaman.

3. 70's ABBA style

ÓJEE! Hver fer ekki í stuð bara við það að heyra nafnið ABBA? Hljómsveitin átti „the 70's“ og þótti afar þekkt fyrir tónslit sína þá einnig fyrir þessa táknrænu hreyfingu. Hendin fer upp í 45° frá hausnum, og svo setur maður hana niður og þá er hún stödd 45° frá fæti þínum. Þetta er ekki flókið, bara upp og niður aftur, það má alltaf krydda þetta svoldið.

4. Keyra rútu

Beep beep! Hefur þú kannski séð myndbandið við „Drop it like it's hot“ með Snoop dogg? Hann splæsir í „keyra rútu“ í þessu heimsfræga myndbandi sínu svo það er alveg á hreinu að þetta move er sígilt. Hendin fer fyrir framan líkamann og þú hreyfir hana í hringi eins og þú sért með hendina á stýri. Hreyfir hana svo fram og til baka í hringi eins og rútan sé alveg klikk eða mjög erfiður vegur sem þú keyrir eftir. Svo grúvaru soldið með og þá ertu sko með'etta, move sem er Snoop Dogg approved.

5. Stappa kartöflur

Það að ímynda sér góða ilminn heima hjá ömmu sinni og ömmu gömlu að stappa kartöflur er bara svo friðsæl hugsun en hvað með eitthvað byltingarkenndara? Eitthvað út fyrir kassann, já ömmu sína að stappa kartöflur á Rave. Já kæri lesendi það er ekki að ástæðulausu að þessi hreyfing var fundin upp, því hún er hrein snilld. Hendur fara fyrir framann líkamann og þú ímyndar þér að þú sért með skál fulla af óstöppuðum kartöflum í fanginu, þá er bara eitt í stöðunni og það er að byrja að stappa. Alls ekki flókin hreyfing. Hægt er að „stappa kartöflur“ við hvaða lag sem er!



Frábært tækifæri til þess að láta ljós sitt skína á dansgólfinu er akkúrat á árshátíðarballi Brekkuskóla, 11. nóvember. Hlökkum til að sjá þig þar!

Ljóð

Blettur

Það er blettur í rúminu mínu
ég hef gert allt til að koma mér
frá honum
ég er búinn að þrífa sængurveridið
ég hef þrifið allt í kringum hann
ég skrúbbaði hann með stálbursta
ég hef beðið fagmenn að losa
mig við hann
og þó
hann stendur eftir
þetta er blettur sem bara ég get
séð
aðeins ég finn
hvað gerir maður við svoleiðis?
þú lifir með honum.
-Ágústa Kort

Gamalt sveitahús

Það var áður líf hér,
fólk hló og elskaði
En nú stend ég ein úti buska og þekki engan,
heyri ekkert hljóð í fólki og sé enga gleði
Fólk keyrir framhjá
og finnur til með mér
Þeim líður illa,
svo þau stoppa bílinn, skoða og taka myndir af
mér
En þá þegar allt er búið og gert þurfa þau að
halda áfram sína leið Í betra hús
með betri og sterkari veggjum með ofna sem
virka með nýrri
málningu
og með hurðum sem geta opnast og lokast.
-Ágústa Kort




Crocsara lífstíllinn

-RIM

Vésteinn Arnór, 10. SGP deilir hér reynslu sinni.

„Ég hef nú verið crocsari í heila tvo mánuði, alveg síðan ég fékk þessa fínustu crocs í gjöf frá frænku minni. Nú fer ég allt á crocs nema ég hef aldrei farið í þeim á snjósleða, ég á það enn eftir. Þeir eru ekkert smá þægilegir og því mér afar kærir. Mér finnst fátt neikvætt við crocs nema kannski þessi göt og hliðunum, vegna þeirra getur maður ekkert labbað á þeim í snjó. Hreinir crocs eru ekki jafn kúl crocs. Ég næ líka eiginlega ekkert lengur að þrifa þá, skíturinn er fastur en ef maður þarf að þrifa þá, bara nota vatn. Ég fæ nú ekkert mjög frábrugðna meðferð eftir það að hafa gerst crocsari en ég vil meina að allir ættu að eiga crocs því þeir björguðu lífi mínu. Um daginn var ég spurður hvernig foreldra mínir hefðu tekið í það þegar ég kom út sem crocsari. Ja þau voru bar mjög sátt með mig, hættu að skilja mig eftir úti. Míkir crocs eru bara bestir, þeir eru sægrænir með 21 eina holu og eina sem hægt væri að bæta væri að festa svona skóflu framan á þá. Skóflu til að skafa snjó.”



„Það að ganga í crocs er ekki bara að klæðast skónum, það er lífstíll.”

-Crocsadile





Ágústa mælir með

Fimm myndir sem Ágústa Kort, 10.SÁ mælir með.

Nr.1 Whos afraid of virginia Woolf



Þetta er tveggja tíma mynd á svart hvítu. Þetta er eiginlega bara fólk að öskra á hvort annað.

Horfðu á hana



Nr.2 Gone Girl

Eitt það besta eftir Fincher. Fight club hefur ekkert á gone Girl, það er samt bara mín skoðun. Horfðu á hana , ég lofa, Hún er frábær!



Nr.3 Rocky horror picture show


Ég hef svo mikið til að segja um þessa mynd, En hef því miður ekki mikið pláss. Svo ef þú ert hinsegin eða kynsegin horfðu á þessa mynd (ef þú ert ekki nú þegar búinn að því). Spáðu soldið í hversu langan tíma öðruvísi fólk hefur verið á stóra skjánum. Horfðu á þessa mikilvægu minnisvörðu í sögu hinsegin fólks.

Nr.4 Clue



Mikið af öðruvísi húmor að gerast í þessari mynd en hann virkar einhvern veginn! Horfðu á hana.

Nr.5 Promising Young woman



Rosa krúttleg mynd sem á skilið öll verðlaun í heiminum.

NEMANDASPJALL_{-RIM}

Hvert er uppáhalds fagið þitt?

„Íþróttir, mér finnst gaman í íþróttum og svo eru Kári og Jói líka algjörir legends.“

Sturluð staðreynd um þig?

„Ég hef tapað í körfubolta 74-9.“

Hvað heitir pump playlistinn þinn? Hvert er fyrsta lagið?

„Playlistinn minn heitir „BTD“ og fyrsta lagið heitir „Ok beib“ með Blaffa.“

Ef að þú værir matur hvaða matur værir þú?

„Ég væri kjötfarsbolla, þær eru góðar, svona mjúkar og létt að borða.“

Hver er stærsti ótti þinn?

„Ég held meiðsli, að geta ekki haldið áfram í frjálsum. Líka sjórinn, hann er fokking creepy.“



Hvert er uppáhalds fagið þitt?

„List og verkgreinar af því að þá er maður að gera eitthvað verklegt.“

Hvað langar þig í jólagjöf?

„Mig langar svo í nýjar íþróttabuxur.“

Ef þú værir matur hvaða matur værir þú?

„Ég væri eplakaka. Af því að hún er sæt og bragðgóð og ég er sæt. Hún minnir mig á haustið og ég elska haustið.“

Áttu þér leyndan hæfileika?

„Já, ég get gert svona dropahljóð með munninum.“

Hvað heitir pump playlistinn og hvert er fyrsta lagið?

„Hann er svolítið gamall en ég hlusta samt stundum á hann. Hann heitir „Sætari sætari“ og fyrsta lagið er „Just give me a reason“ með Pink.“



Hvert er uppáhalds fagið þitt?

„Stærðfræði. Mér fannst ég vera svolítið lélegur á síðasta ári en finnst ég vera farinn að skilja núna svo það er rosa gaman.”

Ef þú værir matur hvaða matur værir þú?

„Ég væri hamburgari, brauðið, kjötið, bara allt saman. Ég er svona hamburgara týpa.”

Kúkar þú í skólanum?

„Nei, það er vel slæmt. Það að kúka í skólanum er bara skrítið.”

Hvað heita framtíðar börnin þín?

„Ég er bara með þessi nöfn núna, þau mundu heita Eiríkur og Hannes.”

Hver er stærsti óttinn þinn?

„Mér dettur ekkert í hug, ég er bara alveg óttalaus.”



Hvert er uppáhalds fagið þitt?

„Stærðfræði, af því að mér finnst ég skilja hana.”

Hvað langar þig í jólagjöf?

„Nýjan síma, mig langar í iPhone 14.”

Hvað heita framtíðar börnin þín?

„Jón Haukur, ég átti sko að heita það ef að ég væri strákur.”

Hvað heitir pump playlistinn þinn og hvert er fyrsta lagið?

„Hann heitir „The weekend” og fyrsta lagið er „Die for you”.

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

„Mig langar að fara í MA á félagsgreinabraut.”



Hvað heitir Pump playlistinn þinn og hvert er fyrsta lagið?

„Ég á engan playlista, bara liked songs. En upphaldslagið mitt er „Trust Issues” með Drake.”

Ef þú værir matur hvaða matur værir þú?

„Ég væri Mcdonalds ostborgari. Hann er svooo góður.”

Hver er stærsti ótti þinn?

„Myrkur. Ég hugsa alltaf að einhver ætli að drepa mig þegar ég er í myrkri.”

Áttu þér leyndan hæfileika?

„Já, ég get hreyft á mér eyrun. Bara svona í allar áttir.”

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

„Ég ætla í menntaskóla en eftir það ætla ég að verða húðlæknir eða flugfreyja og fljúga með Icelandair.”



Hvert er upphalds fagið þitt?

„Heimilisfræði. Mér finnst rosa gaman að baka og finnst Anna Guðný skemmtileg.”

Hver er stærsti ótti þinn?

„Ég var oft að vinna hátt uppi og varð svo bara rosa lofthæddur. Ég vann við að þrifa glugga.”

Hvað borðaðir þú síðast?

„Ég fékk mér múslí með mjólk bara núna áðan.”

Hvað heitir pump playlistinn þinn og hvert er fyrsta lagið?

„Playlistinn minn heitir „upphalds playlisti Antoncs” og fyrsta lagið er „My number” með Foals.”

Hvað langar þig í jólagjöf?

„Mig langar í bakpoka, svona 140 lítra. Ég ætla að fara með hann til Suður Kóreu.”



Hvert er upphalds fagið þitt?

„Enska. Ég bjó í Kína í 9 ár og notaði hana mikið þar, mér finnst enska léttust.”

Hvað heitir pump playlistinn þinn og hvert er fyrsta lagið?

„Playlistinn heitir „XOXO” og fyrsta lagið er „Sparks” með Coldplay.”

Sturluð staðreynd um þig?

„Ég hef æft dans í tíu ár, hef æft með DSA og dansstúdíói í Kína.”

Hvað langar þig í jólagjöf?

„Mig langar í ný föt engin sérstök, bara föt.”

Ef þú værir matur hvaða matur værir þú?

„Ég væri sushi því að það er upphalds maturinn minn.”



Hvert er upphalds fagið þitt?

„Stærðfræði, bara af því bara.”

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

„Ég ætla sko á barinn og fá mér drykk, held ég fari svo í menntaskóla.”

Hvað heita framtíðar börnin þín?

„Segjum bara Vilhelm og Brynja, Villi er svo sætur og mamma mín heitir Brynja.”

Hvað heitir pump playlistinn þinn?

„Hann heitir „Gamall perri” og fyrsta lagið er „Jodel jump” með Zware Jongsens.”

Hver er stærsti óttinn þinn?

„Snákar! Ég hata snáka.”



Með hvaða fótboltaliði átt þú að halda?

-KVB

Hatið þið ekki þegar einhver spyr ykkur hvaða liði þið haldið með í enska boltanum og þið neyðist til að segjast ekki halda með neinu liði til að eiga ekki hættu að móðga einhvern með því að giska annaðhvort á Liverpool eða Manchester United? Svarið sem þú færð venjulega við því að halda ekki með neinu liði er: „Hvað gerir þú þá eiginlega á daginn“. Þetta getur skiljanlega verið mjög pirrandi en hér er ég kominn með lausn á þessu algenga vandamáli. Segðu einfaldlega: „Ég held með Saltfleet Rovers“.

Saltfleet Rovers er lið sem fáir vita um. Liðið var búið til árið 1932 af smábóndanum og fótbolta-unnandanum James George Madison Jr og bróður hans. Þeir fundu hressa karla úr þorpinu og nágrenni þess til að spila með sér og gerðu sér völl úti á miðju túni og bjuggu til mörk úr spýtum. Liðið spilaði ekki mikið í fyrstu og þeir gerðu það bara til gamans. Í þau fáu skipti sem þeir spiluðu neyddust þeir að fara fótgangandi í næstu bæi og þorp. Þessar erfiðu aðstæður þjoppuðu liðinu saman og liðsheildin varð fljótt mikil. Árin liðu og synir karlanna tóku við með ný viðhorf til leiksins, en alltaf fylgdi þessi mikla liðsheild liðinu.

Liðið nútímavæddist aðeins og þeir fengu ágæta bolta og fínan völl. Liðið var í eigu leikmannanna alveg þangað til að fjárfestir nokkur tók eftir þeim einn góðan sumardag árið 1960 þegar liðið var að keppa á móti í Hull. Fjárfestinum leist vel á hvernig liðið spilaði og bauð þeim að kaupa liðið af þeim. Leikmennirnir voru orðnir þreyttir á að þurfa að sjá um liðið sjálfir og þáðu boðið með þökkum. Nú var þetta orðið alvöru fótboltalið og ekki bara áhugamannalið. Saltfleet Rovers keppa nú í sjöttu deild í Englandi. Liðið er ekki eins og önnur fótboltalið, þeir eru ekki að spila til að vinna. Megináherslan er lögð á að hafa gaman og að gera sitt besta. Leikmannahópurinn veit líka fullvel að það er ekki áfangastaðurinn sem skiptir máli, heldur ferðalagið.




Liðið er nú í eigu Jack Michael, fyrrum forstjóra eins stærsta útgerðarfyrirtækis landsins. Eftir að hann hætti sem forstjóri ætlar hann að einbeita sér að rekstri liðsins og því er liðinu spáð hraðri uppleið á næstu árum. Bjartsýnustu spár gera ráð fyrir því að liðið verði komið í úrvalsdeildina innan 13 ára. Þjálfari liðsins er líka algjör snillingur. Hann er umtalaður í neðri deildum Englands fyrir sína miklu hæfni og skilning á leiknum. Fólk hefur furðað sig á því af hverju hann er ekki löngu farinn í sterkari lið. Þeir sem þekkja fyrirliðann eru allir sammála um að hann sé lang jákvæðasta manneskja sem þau hafa nokkurn tíma hitt. Þessi jákvæðni hans hefur mikil áhrif á það hvernig liðið spilar. Fyrir nokkrum árum var fyrrum þjálfari þeirra rekinn fyrir að reyna að breyta hugsjónum liðsins og gera þær meira eins og hjá öðrum liðum. Saltfleet tókst ekki að finna nýjan þjálfara fyrr en eftir nokkra mánuði. Á meðan tók fyrirliðinn við þjálfarastarfinu. Með jákvæðnina að leiðarljósi tapaði liðið ekki leik á meðan fyrirliðinn var þjálfari.



Liðið rekur öflugt góðgerðastarf, allur peningur sem liðið græðir aukalega fer beint til ýmissa góðgerðarmála. Góðgerðastarfið er í raun svo öflugt að liðið er opinberlega skráð sem góðgerðarfyrirtæki. Önnur lið ættu að líta upp til Saltfleet Rovers, ekki vegna einhverra fótboltahæfileika eða afreka heldur frekar vegna góðmennsku sinnar og heiðarleika innan sem utan vallar.

Þess vegna, kæri lesandi mæli ég eindregið með að halda með fyrirmyndarliðinu Saltfleet Rovers.



Svölustu skór skólans



Svölustu skór skólans

Það sem hefur alltaf skipt gríðarlegu máli í tísku er í hvernig skóm þú ert í. Það getur sagt mikið um þig. Eftir stutta leit inn í forstofu fann Kjartan Valur svölustu skó Brekkuskóla. Skór Kára Gunnars, 10. SÁ fá þann titill. Gullitaðir, geislandi og ekkert eðlilega svalir, nei um það er enginn spurning.

Hvar keyptir þú þessa skó og hvað kostuðu þeir?

„Ég keypti þessa skó í skóbúð í Mílanó á Ítalíu. Mig minnir að þeir kostuðu mig rúmlega 13000 kr.“

Fæddist þú svona svalur eða eru það bara skórnir?

„Það eru klárlega skórnir, þegar ég sá þá vissi ég strax að það væri bara eitthvað við þá. Þeir kölluðu á mig.“

Hvað myndirðu gefa skónum þínum í einkunn frá einum upp í tíu?

„Þú ert að gefa mér allt of lágar tölur. Ég verð náttúrulega að gefa þeim tíu en ég mundi gefa þeim endalaust ef ég gæti.“

Horfir þú niður á alla sem eru ekki í svona flottum skóm?

„Já, ég meina þau kunna ekki að lifa eins og ég. Allir eru bara í einhverjum Jordans og einhverju þannig kjaftæði.“



Kári Gunnar, 10 SÁ

Eru þetta flottustu skór sem þú átt?

„Við getum bara sagt að þetta séu flottustu skórnir sem ég mun einhverntíman eiga.“

Hvað finnst þér um önnur skófyrtæki sem gefa ekki út svona flotta skó?

„Þau gera bara sína skó og það er svo sem ágætt en þau ættu að taka þessa skó til fyrirmyndar.“

Ferðu hvert sem er í þessum skóm?

„Já, ég fer næstum hvert sem er í þeim og þegar að ég er ekki í þeim þá eru þeir alltaf í töskunni á bakinu.“

Hvað ætlar þú svo að gera við þá þegar að þú færð þér nýja?

„Það er málið, ég fæ mér aldrei nýja því að ég mun örugglega bara deyja í þeim. Þeir verða jarðaðir mér við hlið.“

Er fólk búíð að koma öðruvísi fram við þig eftir að þú fékkst þessa skó?

„Já það er náttúrulega svakaleg öfundsyki.“

„Það vilja margir kaupa þá en ég neita öllum boðum. Þessir skór eru miklu mikilvægari en peningar.“

Afhverju keyptir þú þessa skó?

„Þeir kölluðu á mig, þeir sátu þarna í hillunni og sögðu: Þú vilt okkur, þú þarft okkur.“




Eru götin á tánum upp á stílinn?

„Já, hundrað prósent. En maður getur ekki bara klippt svona flott göt. Þú verður að labba í þeim þangað til þetta gerist.“


Almennar spurningar

Skugginn lagði þrjár spurningar fyrir 8. og 10. bekk. Hér eru niðurstöðurnar. Þær eru heldur betur svaðalegar.

Hundar eða kettir?





10. SGP




10. SÁ

Finnst þér maturinn í skólanum góður?






8. BG




8.BW




8. EAÓ


Hvaða Disney prinsessa er best?




8.EAÓ




10.SÁ



10. SGP



8. BW




8.BG

„Á síðasta kennaraprikið“

-LMP og KVB

Sævar stærfræðikennari á elsta stigi er mikill raunsæismaður og á síðasta kennaraprikið í Brekkuskóla. Sjálfur var hann afar latur nemandi, man ekkert eftir fyrsta kossinum sínum og er voða lélegur glæpamaður.



Hver er staðan á handboltanum hjá þér?

„Einmitt núna er ég í hlutastarfi sem dómari, hættur að spila og hættur að þjálfra. Þetta fer nú alveg að verða gott, ég er búinn að vera í kringum meistaraflokks handbolta í 35 ár.“

Hver er sagan á bak við kennara prikið? Á það nafn?

„Það voru allir kennarar með kennaraprik í gamla daga en svo hefur þeim smám saman fækkað og fækkað og ég held að ég eigi bara síðasta kennaraprikið í skólanum núna. Það á ekki nafn, ég er svo mikill raunsæismaður að ég gæti ekki gefið því nafn.“

Hvað er lægsta einkunn sem þú hefur fengið á stærðfræðiprófi?

Ég held að það hafi verið eitthvað í kringum fimm. Ég var í framhaldsskóla og var rosalega latur nemandi, ég nennti þessu ekki. Þá tók ég mér pásu frá skólanum og byrjaði svo aftur þegar að ég nennti þessu og þá var þetta ekkert mál.

Hvað er það ólöglegasta sem þú hefur gert?

„Ég er nú voða lélegur glæpamaður. Það er sennilega bara að keyra á rúmlega 100 km/klst.“



Er einhver nemandi sem að þú saknar?

„Ég sakna eiginlega allra nemenda. Heilt yfir eiga allir einhvern stað hjá manni sem manni þykir vænt um.”

Hver er uppáhalds reikniaðgerðin þín?

„Pýþagóras, hún hefur verið í uppáhaldi mjög lengi.”

Ert þú sáttur við líf þitt í dag?

„Já. Mér líður vel, er í góðu starfi, á góða fjölskyldu og góða vinnufélaga.”


Hvenær kynntist þú maka þínum?

„Ég kynntist henni í framhaldsskóla.”

Hvernig var fyrsti kossinn þinn?

„Ég man það ekki en hann hefur örugglega verið mjög ómerkilegur.”


$$a^2 + b^2 = c^2$$



Orðadæmi Sævars

Þú ert með rennandi vatn og tvær fötur. Það eru engar mælieiningar á fötunum en þú veist að önnur þeirra tekur nákvæmlega 3 lítra sléttfull og hin þeirra 5 lítra sléttfull. Þú mátt fylla og tæma föturnar eins oft og þú villt og hella á milli fatanna að vild. Hvernig getur þú fengið nákvæmlega 4 lítra?

Skýringarmynd:



Hvaða kennari ert þú?

Hvað kennari ert þú? Taktu þetta próf til að komast að því.

Hver er uppáhalds maturinn þinn?

Humar (1,5 stig)

Lambakjöt (3 stig)

Slátur (4 stig)

Góð steik (5 stig)

Hamborgari (0 stig)

Hvaða dýr er í uppáhaldi hjá þér?

Hundur (2,5 stig)

Úlfur (2 stig)

Köttur (0 stig)

Simpansi(0 stig)

Ekkert uppáhalds dýr (5 stig)

Hver eru uppáhalds liturinn þinn?

Blár (1,5 stig)

Grænn (3 stig)

Appelsínugulur (4 stig)

Rauður (0 stig)

Enginn uppáhalds litur (5 stig)

Hvað er uppáhalds fagið þitt?

Íslenska (0,5 stig)

Enska (1,5 stig)

Náttúrufræði (3 stig)

Danska (7,5 stig)

Stærðfræði (9 stig)

Hver er uppáhalds árstíðin þín?

Vor (2,5 stig)

Haust (2,5 stig)

Sumar(5 stig)

Vetur (0 stig)

Leggðu nú stigin sem þú fékkst saman og þá sérðu hvaða kennara þú líkist mest.

(Ef þú hefur ekki slétt magn af stigum þá námundar þú.)



0 stig = Ertu vélmenni?

1-6 stig = Sigga

Sigga er skipulögð og nákvæm. Hún hefur sennilega lesið allar bækur á bókasafninu. Ef þig vantar að vita hvernig á að fallbeygja orðið glerkassi í fleirtölu, þágufalli með greini heyrðu þá í henni.



7-12 stig = Svana

Svana er bæði hress og mjög þolinmóð. Enska er ekki beint áhugaverðasta fagið vegna þess að flestir kunna nokkuð í henni áður en við mætum í skóla. Við erum heppin að hafa Svönu sem nennir að kenna okkur ensku.



13-18 stig = Hanna Dóra

Hanna Dóra getur sagt þér allt um glúkósa og fæðukeðjur með bros á vör. Maður getur ávallt stólað á það að koma alltaf þó nokkuð fróðari út úr tímum hjá henni.



19-24 stig = Þóra

Þóra er hreinskilin og jákvæð. Sagt er að hún hafi fæðst talandi dönsku. Hún er sennilega eini Íslendingurinn sem getur talað dönsku við Dana án þess að Daninn biðji hana um að tala ensku.



25-29 stig = Sævar

Sævar er góð blanda af alvarleika og húmor. Í stuttu máli sagt kann hann sitt fag. Í þau fáu skipti sem hann sýnir listir sínar í spilagöldrum er mannskapnum heldur betur skemmt.

„Veistu hvað ég tek í bekk?“

-RIM

Póra er dönskukennari á elsta stigi. Við dáum hana og dýrkum öll og þurfum að fá að vita meira um þessa mögnuðu manneskju. Hér svarar hún nokkrum spurningum um sjálfa sig.



Hvaða lag lýsir lífi þínu?

„What a wonderful world með Louis Armstrong“

Af hverju ert þú að kenna dönsku?

„Af því að ég kann dönsku og elska DK og hef unun af því að kenna ykkur málið og fræða um landið. “

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur unnið við?

„Að hreinsa garnir “

Hver er þín besta pick-up lína?

„Veistu hvað ég tek í bekk?“

Ert þú í drauma jobbinu?

„Já alveg 100% viss “

Ef peningar skiptu engu máli, hvað værir þú að gera núna?

„Sama og ég geri núna, það að vera kennari er ekki spurning um peninga.“

Hvað er svona frábært við Danmörku?

„Aðallega fólkið og húmorinn“

Hver er lægsta einkunn sem að þú hefur fengið á dönsku prófi?

„Bara man það ekki, var alltaf góð í dönsku.“

Hvað er það ólöglegasta sem að þú hefur gert?

„Svindla mér inn á sveitaböll „i den“ því ég var lang yngst í vinahópnum eigandi afmæli á gamlaársdag.“





**Ef maður vill verða uppáhalds
nemandi þinn hvað þarf maður
að gera?**

Vera þú sjálf/sjálfur og gera þitt
besta.

**Hver eru þín bestu stefnumótar
ráð?**

Ohhhhh.....!!!! Hef ekki mikla
reynslu á því sviði.

Hvernig var fyrsti kossinn þinn?
Algjör dásemd og dýrð.

Fimm skemmtileg dönsk orð:

1. Bussemænd

Borið fram búsiman, Þýðir: hor

2. Seng

borið fram seæng, Þýðir: rúm

3. Hej

Borið fram: Hæ, Þýðir: bæ

4. Dyne

Borið fram dune, Þýðir: Sæng

5. Vaskemaskine

Borið fram: Veskemaskín, Þýðir:
þvottavél



Hrekkjavaka í Brekkó



Flottir búningar úr 8. bekk



„Brekko Blinders“



„Langar í rafmagnshjól í jólagjöf“ -LMP

Jón gangavörður er búinn að vinna í Brekkuskóla í meira en áratug, honum finnst vera erfiðara nú en áður að fá börn til að hlusta og hlýða, nær ansi oft í bolta upp á þak og langar í rafmagnshjól í jólagjöf.



Hvaða ár byrjaðir þú að vinna hér?
„Ég byrjaði að vinna í Brekkuskóla um 2010 eða 2011.“

Finnst þér gaman að vinna í Brekkuskóla?

„Já mér finnst það bara fínt, hentar mér vel.“

Þú hættir fyrsta apríl í ár, af hverju komst þú tilbaka?

„Það var auglýst eftir starfi sem að mér leist vel á svo ég tók það.“

Ertu ennþá húsvörður?

„Nei nú er ég gangavörður á efstu hæð.“

Varstu húsvörður einhverstaðar áður enn þú komst í Brekkuskóla?

„Nei, en ég vann sem skólaliði í Naustaskóla.“

Hvað langar þig í jólagjöf?

„Tja, mig langar nú svolítið í ramagnshjól í jólagjöf.“

Hversu oft nærðu/náðir þú í bolta af þakinu á mánuði?
„U.þ.b. 4-5 sinnum á mánuði næ ég í bolta upp á þak.“

Hvað finnst þér hafa breyst mest frá því að þú byrjaðir?

„Það er erfiðara að fá börn til að hlusta/hlýða.“

Hvert er uppáhalds lagið þitt og hljómsveit?

„Uppáhalds lagið mitt er „21st Century Schizoid man“ með King Crimson og uppáhalds hljómsveitin mín er „Led Zeppelin.“

Að lokum, spurningin sem liggur á allra vörum, Hvað ilmvatn notar þú?

„Ég er nú ekki mikið í ilmvötum en ég nota Loreal skegg olfuna og finnst hún ansi góð.“

Um Skuggann

Skugginn er skólablað skrifað af nemendum 10. bekkjar í Brekkuskóla.

Ábyrgðarmaður: Aðalheiður Bragadóttir

Sérstakar þakkir:

Snæfríður Ingadóttir (Mamma Rögggu)

Hanna Dóra

Aðalheiður Bragadóttir



-Ritstjórn Skuggans
1.tb

Ritsjórn 1.tb: Kjartan Valur, Ragnheiður Inga, Leó Már og Ágústa Kort

Árshátíðardagskrá



8. Bekkur sýnir „Hairspray“

Leikrit þeirra er byggt á myndinni „Hairspray“, sögu sem á að gerast á 7. áratugnum þar sem verið er að fjalla um aðskilnað svartra og hvítra. Þau yfirfærðu það yfir á samfélag okkar í dag. Öðruvísi fólk er oft útundan. Fögnum fjölbreytileikanum!



9. Bekkur sýnir „Dýrin í Hálsaskógi“

Dýrin í Hálsaskógi er norskt barnaleikrit sem kom út 1967. Það fjallar um nokkur dýr sem búa öll í Hálsaskógi og ákveða að gerast grænmetisætur en það eru ekki allir jafn sáttir með það.



10. bekkur sýnir „Lísu í Undralandi“

Lísa í Undralandi er ævintýri eftir Lewis Carroll. Lísa, sjö ára stelpa, dettur niður í kanínuholu og lendir í fantasíuheimi sem er fullur af undarlegu fólki og furðulegum dýrum. Leikrit tíundar bekkjar er skrifað upp úr teiknimyndinni.

Ævintýraland og hlaðborð

6. bekkur mun, eins og venjulega safna fyrir Reykja ferð sinni og verða því ekki með leikrit en býður í staðinn upp á allskonar skemmtilegheit. Á boðstólum verða; tombóla, draugahús, andlitsmálun, spákona og þrautabraut. Alveg kjörið að kíkja til þeirra. Að sjálfsögðu verður svo dásamlegt hlaðborð í boði foreldra 10. bekkjar. Ágóðinn rennur í ferðasjóð 10. bekkjar.